

Félagsmálaráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Velferðarnefnd Alþingis**
Sendandi: **Skrifstofa barna- og fjölskyldumála**
Dagsetning: **27.04.2021**
Málsnúmer: **FRN20040109**
Bréfalykill: **02.11.01**

Efni: **Breyting á barnaverndarlögum vegna skiptrar búsetu barna**

Velferðarnefnd Alþingis hefur nú til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl.)

Félagsmálaráðuneytið vill vekja athygli á árekstri 1. mgr. f-liðar 6. gr. frumvarpsins við lög um breytingu á barnalögum (skipt búseta barna), sem voru samþykkt á Alþingi 15. apríl sl. Um er að ræða breytingar á 15. gr. barnaverndarlaga, sbr. a-lið 1. tölul. 33. gr. laga um breytingu á barnalögum (skipt búseta barna).

Svo þessi breyting á barnalögum um skipta búsetu barna nái fram að ganga þarf að gera eftirfarandi breytingar á frumvarpi til laga um breytingu á barnaverndarlögum:

Á eftir 1. másl. 1. mgr. f-liðar 6. gr. kemur: „Ef foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns samkvæmt ákvæðum barnalaga á barnaverndarþjónusta í umdæmi þar sem barnið á lögheimili úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr.“